



Alþingi
Erindi nr. P 128/192
komudagur 21.11.2002

19. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál, heildarlög.

Í frumvarpinu er kveðið á um ýmis nýmæli og breytingar frá núgildandi lögum sem ætlað er að auka samræmi í löggjöf á þessu sviði og að stuðla að skilvirkni og öryggi fjármálakerfisins.

Fulltrúar Seðlabanka Íslands tóku þátt í undirbúningi frumvarpsins, bæði í bankalaganefnd og í vinnuhópi um eigið fé, laust fé og ársreikninga og áttu þar kost á að koma á framfæri sjónarmiðum bankans.

Eins og fram kemur í 4. lið athugasemda við frumvarpið tók bankalaganefnd ekki afstöðu til tillagna undirhóps sem skipaður var í ágúst 2002 til að yfirfara lagaákvæði um sparisjóði. Því er tilefni til að fjalla stuttlega um þær tillögur í þessari umsögn.

Þessar tillögur fela m.a. í sér að lögfest verði sérstök ákvæði til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða, sbr. 2. mgr. 70. gr frumvarpsins sem kveður á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skuli heimila framsal á virkum eignarhlut. Ekki er almennt gert ráð fyrir slíkum skilyrðum og takmörkunum í ákvæðum sem gilda um virka eignarhluti í lánastofnunum.¹

Að mati Seðlabankans hafa nú þegar verið lögfest ýmis ákvæði um sérstöðu sparisjóða. Æskilegt væri að draga úr þessari sérstöðu þannig að lagareglur um viðskiptabanka og sparisjóði yrðu í meginatriðum þær sömu. Skapa þarf jöfn skilyrði fyrir samkeppni lánastofnana og

¹ Sjá 10.-12. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 113/1996, VI. kafla frumvarpsins og 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1).

hagræðingu á fjármálamarkaði. Jafnframt þurfa lagareglur á þessu sviði að vera í samræmi við reglur og viðmið sem mótast hafa á alþjóðlegum vettvangi um rekstur lánastofnana, þ.m.t. bindandi EES-reglur um fjármálaþjónustu, samkeppni og frelsi í fjármagnsflutningum og fjárfestingum.

Mat Seðlabankans er að það sé ekki til þess fallið að efla skilvirkni, öryggi og stöðugleika fjármálakerfisins að auka enn frekar þann mun sem er á lagareglum er gilda um viðskiptabanka og sparisjóði eins og lagt er til í frumvarpinu.

Seðlabanki Íslands mælir að öðru leyti með samþykkt ofangreinds frumvarps.


Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri



Ingimundur Friðriksson
bankastjóri